

Tímaritið Uppeldi og menntun tvítugt

Enda þótt nú ljúki 21. árgangi Uppeldis og menntunar er tímaritið aðeins tvítugt í ár, það kom fyrst út þann 26. nóvember 1992 á sjötugsafmælisdegi Jónasar Pálssonar, sem þá hafði nýlega látið af störfum sem rektor Kennaraháskóla Íslands. Fyrsta heftið var gefið út sem afmælisrit með heillaóskaskrá, Jónasi til heiðurs. Enn sem komið er er þetta 332 síðna hefti hið langstærsta af tímaritinu og næststærsti árgangur þess frá upphafi. Í heftinu voru 23 ritstýrðar fræðigreinar og nótur og texti eins tónlags. Í heftinu var enn fremur viðtal við Jónas og ritaskrá hans. Grein þessi er því í senn afmælisgrein tímaritsins og til heiðurs Jónasi.

RITRÝNT TÍMARIT Í 20 ÁR

Strax í inngangi fyrsta heftis *Uppeldis og menntunar* var skýrt frá því að ritinu hefði verið mótuð framtíðarstefna og búið væri að skipa sérstaka ritstjórn. Þessi stefna fólst meðal annars í því að gefa út ritrýnt tímarit þar sem ýtrustu kröfur væru gerðar til greina sem væru birtar sem „fræðilegt efni“ eins og hinn ritrýndi þáttur tímaritsins hét. Fyrir þessari þróun er gerð ágæt grein í inngangsorðum ritnefndar og ritstjóra flestra árganga, en ég átti að auki sérstakt samtali við fyrsta ritstjóra tímaritsins, Ragnhildi Bjarnadóttur. Ragnhildur var ritstjóri þess í fjögur ár, frá 1993–1996, og sat í ritnefnd árin 2008 og 2009. Fram kom hjá Ragnhildi að frá upphafi hefði verið náðið samstarfi milli ritstjóra og þeirra sem sitja með honum í ritnefnd við að móta ritið og þau ferli sem unnið er eftir og að í Kennaraháskóla Íslands hefði þótt mikilvægt að gefa út vandað ritrýnt tímarit þar sem greinar stæðust allar helstu kröfur til slíkra greina á alþjóðlegum vettvangi.

Strax í 2. árgangi voru birtar leiðbeiningar til höfunda greina. Í þessum fyrstu leiðbeiningum kemur fram sú stefna tímaritsins að „sérfræðingar“, eins og ritrýnar voru þá nefndir, skuli meta gildi greinanna. Lengst af voru leiðbeiningarnar prentaðar í hverju hefti og ritrýnar fengu sendar sérstakar leiðbeiningar. Nú eru leiðbeiningarnar birtar á vef tímaritsins og eru hinar sömu fyrir höfunda og ritrýna. Fyrstu árin var sú fjórflokkun greina, sem nú er stuðst við – það er grein getur birst óbreytt (eða

lítillaga lagfærð), með tilgreindum breytingum, hugsanlega eftir að skrifuð hefur verið ný gerð (það sem á ensku kallast resubmission) eða alls ekki – ekki jafnskýr og nú. Á fyrstu árunum var oftast en nú notað orðalag eins og að grein sé ekki „tilbúin“ til birtingar. Fróðlegt væri að gera úttekt á því hvort tímaritinu berist betri handrit núna eða hvort ritrýnar séu strangari í mati sínu.

Farið hefur verið yfir efni tímaritsins í 27 heftum sem komið hafa út á 20 árum og hvernig það skiptist í tegundir efnis. Helstu upplýsingar má sjá í töflu.

Tafla. Tegundir efnis í *Uppeldi og menntun*, 1992–2011

Ár-gangur	Ár	Hefi nr.	Síðufjöldi árgangs	Greinar			Annað		
				Ritrýndar greinar	Óritrýndar greinar		Rit-dómar	Viðtöl	Þýðing, nótur, ritaskrá
					Skóla-starf	Viðhorf			
20.	2011	2	303	6			3		
20.		1		4			5	1	
19.	2010	1–2	216	8		9			
18.	2009	2	202	3		2			
18.		1		4		3			
17.	2008	2	222	5			4	1	
17.		1		3			1		
16.	2007	2	316	8		4			
16.		1		4		3			
15.	2006	2	242	4		3			
15.		1		5		3			
14.	2005	2	288	5		3			
14.		1		5		4			
13.	2004	2	344	8					
13.		1		6			3		
12.	2003		160	9					
11.	2002		278	12					
10.	2001		217	10					
9.	2000		177	6	1		2		
8.	1999		170	7	2				1
7.	1998		119	5	1		1		
6.	1997		164	6	6		1		
5.	1996		126	4	3		1		
4.	1995		133	3	3		1		
3.	1994		132	5	3				
2.	1993		159	6	4		2		
1.	1992		332		23				
Samtölur 1.–20. árgangs		27	4300	151	46	34	24	3	3
				231			30		

Efninu sem birst hefur í *Uppeldi og menntun* má skipta í fimm meginflokka. Í fyrsta og lang umfangsmesta flokknum eru ritrýndar greinar, sem voru 151 á 20 árum eða réttara sagt 19 árum þar sem fyrsta heftið, afmælisritið, var ekki ritrýnt. Þessi flokkur fékk þó aðeins nýlega heitið Ritrýndar greinar en gekk lengi undir öðrum heitum, svo sem Um fræðilegt efni eða einfaldlega Ritgerðir.

Næsti flokkur er óritrýndar greinar, en hann var nokkuð algengur fyrstu ár tímaritsins. Þeim var einkum ætlað það hlutverk að segja frá skólastarfi, meðal annars nýbreytni- og þróunarstarfi af ýmsu tagi, eins og kemur fram í orðum ritnefndar í 2. árgangi. Þarna birtust 23 greinar á árabílinu 1993–2000. Þessi flokkur var áberandi á fyrri hluta tímabilsins og gekk undir nöfnum eins og Frásagnir úr skólastarfinu eða Starfið. Sumar greinanna í þessum flokki sýnist mér að hefðu staðist gæðakröfur til ritrýndra birtinga. Hér eru einnig flokkaðar allar greinar 1. árgangs sem ég tel líka að flestar hefðu staðist kröfur til ritrýndra birtinga. Birting óritrýndra greina, ef frá eru taldir þrjú ritdómar, féll alveg niður um nokkurra ára skeið. Líklegt er að tilkoma *Netlu* í ársbyrjun 2002, sem lagði strax áherslu á fjölbreyttar gerðir efnis, hafi valdið því að *Uppeldi og menntun* breyttist hvað þetta varðar.

Nýr bálkur greina, svokallaðra viðhorfsgreina, hefur verið í flestum heftum *Uppeldis og menntunar* frá og með 2005. Viðhorfsgreinar eru a.m.k. tvær en oftár þrjár eða fjórar stuttar greinar um afmarkað efni sem ritnefnd ákveður, svo sem um stöðu einstakra skólastiga eða um eitthvert málefni innan menntavísinda. Viðhorfsgreinar fara ekki í gegnum ritrýningarferli en hefur verið ritstýrt af ritnefnd eða, á síðustu viðhorfsþáttum, sérstökum ritstjórum. Eitt slíkt þema var á ensku, um leikskólastigið, þar sem leitað var til fimm erlendra sérfræðinga um málefnið sem skrifuðu þrjár greinar. Efni þess heftis var allt um menntun ungra barna og er þetta líklega eina formlega þemahefti tímaritsins. Annað dæmi um þema sem tekið hefur verið fyrir í viðhorfsgreinum var um Bolognaferlið í háskólum landsins, níu greinar samtals, árið 2010. Þá var tekinn upp sá háttur að ritstjórar viðhorfsgreinanna rituðu sérstakan inngang um viðhorfsflokkinn og ágrip um hann í heild á ensku.

Bersýnilegt er að ritnefndir hafa lagt mismikla áherslu á ritdóma því að um nokkurra ára skeið féll flokkurinn alveg niður en hann hefur nýlega verið endurvakinn af krafti. Þessi flokkur hét á fyrstu árunum Um bækur og námsefni. Mismunandi er hvort þessir dómar hafa verið um eina bók eða fleiri. Yfirleitt hafa ritdómar verið um íslenskt efni en nokkrar erlendar bækur hafa þó fengið umfjöllun. Í 2. hefti 2011 birtust tveir dómar um sömu bókina og var annar þeirra svokallaður léttlesinn texti. Ritdómar eru að jafnaði óritrýndir en í fyrri hefti ársins 2012 var þó birtur svokallaður ítardómur, ritrýndur. Ritnefnd vonast til þess að geta birt fleiri ítardóma, annaðhvort sem greinar um tiltekið rit eða samantekt um tvö rit eða fleiri, og að geta styrkt ritrýningarferli um slíkt efni. Meðal viðhorfsgreina árið 2009 voru tvær greinar um ritið *Almenningsfræðsla á Íslandi 1880–2007*. Með þeim má segja að birst hafi 26 ritdómar á árunum 1992–2011.

Auk efnis í þessum meginflokkum hafa þrívægis birst viðtöl við forystumenn Kennaraháskóla Íslands og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Þá voru nótur við lag Jóns Ásgeirssonar og ljóð Stefáns Harðar Grímssonar í afmælishefti og skrá um ritverk Jónasar Pálssonar í sama hefti. Loks má geta þýðingar Gunnars Ragnarssonar á grein Johns Dewey.

Í heildina hafa um 220 höfundar birt greinar í tímaritinu. Þeir eru frá tæplega 60 stofnunum, háskólum, öðrum skólum, fræðsluskrifstofum, sveitarfélögum og ýmsum þjónustustofnunum. Höfundarnir sem birt hafa flestar greinar eru nú allir prófessorar við Menntavísindasvið Háskóla Íslands, þau Börkur Hansen, Jóhanna Einarsdóttir og Sigrún Aðalbjarnardóttir, níu til tíu greinar hvert þeirra.

Til að varpa ljósi á fjölbreytni efnis í tímaritinu valdi ég þrjú hefti af handahófi. Fyrst varð fyrir valinu heftið frá 1997. Í því eru birtar sex ritrýndar greinar um málþjálfun barna, viðhorf starfsfólks Dagvistar barna í Reykjavík, afbrot unglinga, þátt æfingakennslu í kennaranámi, áherslur í starfi skólastjóra í íslenskum grunnskólum og um námskrárgerð. Óvenjumargar greinar eru í þessu hefti í bálkinum Um skólastarf, eða sex talsins, og um fjölbreytt efni. Einn ritdómur er um líffræðinámsefni fyrir grunnskóla.

Í fyrra hefti ársins 2005 eru birtar fimm ritrýndar greinar um aristótelískar efasemdir um ný-aristótelisma í menntamálum, starfshæfni kennaranema, skólanámskrárgerð í leikskóla, Afríku í texta íslenskra námsbóka og um rannsóknarlíkanið Grunnskólar í ólíkum byggðarlögum sem er aðferð til að skoða félagslega stöðu og árangur grunnskóla í þéttbýli, sjávarþorpi og sveit. Svo skemmtilega vill til að eldra afmælisbarnið, Jónas Pálsson, er einmitt höfundur þess líkans og ritar greinina ásamt þeim Amalíu Björnsdóttur og Ólafi H. Jóhannssyni. Í þessu hefti birtist viðhorfsbálkur um þróun háskólastigsins þar sem fjórir prófessorar við Kennaraháskóla Íslands og Háskóla Íslands rituðu greinar.

Í síðara hefti ársins 2008 eru fimm ritrýndar greinar um reynslu barna í 1. bekk grunnskóla, álit grunnskólanemenda á því hvað er góður kennari, starfshæfni kennara af sjónarhóli norrænna kennaranema, breytingar á viðhorfum grunnskólanema í 10. bekk til jafnréttismála á árabílinu 1992–2006 og um breytingar á hlutverki skólastjóra í grunnskólum. Óvenjumargir ritdómar eru í þessu hefti eða fjórir talsins um jafnmörg ólík ritverk.

Uppeldi og menntun stendur styrkum fótum sem virt tímarit á íslenskum vettvangi og er nú metið í hæsta gæðaflokki íslenskra tímarita; 15 stig eru veitt í kerfi háskólafélags fyrir ritrýnda grein í tímaritinu. Við matið inn í stigakerfið er líka tekið tillit til ritrýningarferlisins, að a.m.k. tveir óháðir ritrýnar lesi allar greinar og komi með ábendingar til ritnefndar og þeir og höfundarnir viti hvorugur af því hver hinn er er, gagnkvæm leynd. Eitt af því sem horft er til er höfnunarhlutfall. Á síðustu árum hefur það verið um 40%. Hér er átt við hlutfall af þeim greinum sem sendar eru til ritrýningar en kröfur stigakerfisins eru miðaðar við þess háttar höfnun. Mörgum höfundum þessara greina er boðið að senda inn nýja gerð af greininni, sem þeir þiggja, og einnig er handritum hafnað án þess að senda þau nokkru sinni til rýningar þannig að í reynd mætti reikna út nokkrar slíkar tölur. Útbreiðslan og áskriftarkerfið skipta líka miklu máli við matið, til dæmis sú staðreynd að menntavísindafólk, bókasöfn og aðrir sem áhuga hafa kaupa tímaritið. Birting tímaritsins á neti skiptir líka miklu máli við matið, jafnvel þótt um birtingartöf sé að ræða. Loks má taka fram að búíð er að ákveða að tímaritið birtist í EBSCO-host, eins og *Tímarit um menntarannsóknir* hefur gert í nokkur ár. Þá skiptir máli að útdrættir á ensku eru ítarlegir, það er 600–800 orð, og að tímaritið heitir ensku nafni með íslenska nafninu, eða *Icelandic Journal of Education*, sem er prentað í

tímaritinu frá og með árinu 2008 þegar það komst í ERIH-gagnagrunninn (European Reference Index for the Humanities). Reyndar var frá og með árinu 2000 byrjað að birta stutta útdrætti á ensku um efni ritrýndra greina en frá og með 2. hefti 2009 urðu þeir 600–800 orða langir. Höfundarnir sjálfir semja útdrættina og leggja þá fram sem hluta af handriti. Eins og greinin sjálf, eru þeir yfirfarnir með hliðsjón af frágangi og málfari, en höfundar fá hins vegar að ráða því hvort þeir nota breska eða bandaríska stafsetningu.

Við mat á gæðum tímaritsins kemur því allt hugsanlegt til: ritrýningarferli, ritstýring, frágangur málfars, yfirlestur heimildaskráa og tilvísana, prófarkalestur, umbrot, prentun, áskriftir, aðgangur á neti ári eftir birtingu á prenti og ítarlegir útdrættir á ensku.

FÓLKID OG FORMID

Tímaritinu hafa á þessum 20 árum ritstýrt níu ritstjórar – í tímaröð þau Ragnhildur Bjarnadóttir, Sigurður Konráðsson, Heimir Pálsson, Amalía Björnsdóttir, Loftur Guttormsson, Jóhanna Einarsdóttir, Trausti Þorsteinsson, Hanna Ragnarsdóttir og Ingólfur Ásgeir Jóhannesson. Að þeim meðöldum hafa 26 einstaklingar setið í ritnefnd (töflu um þetta má sjá á vef tímaritsins). Fyrsta árganginum stýrði eingöngu ritnefnd en síðan hafa flestir ritstjórnanna verið í tvö ár nema Ragnhildur í fjögur. Flestir hafa verið lengur en tvö ár í ritnefnd en með því næst mikilvæg samfella í starfi tímaritsins.

Fjöldamargir aðrir en ritnefndarfolk koma að þessari útgáfu. Umsjón með útgáfu er veigamikill þáttur, hönnun og umbrot líka, lestur handrita með tilliti til málfars og margt fleira. Um 20 einstaklingar eru nefndir í þess háttar hlutverkum á upplýsingasíðu tímaritsins en þar er sjaldnast getið þeirra sem lásu yfir málfar og yfirleitt alls ekki þeirra sem sjá um dreifingu tímaritsins, greiðslu reikninga eða taka þátt í ýmsum skilgreindum eða óskilgreindum verkefnum. Má ætla að annar eins hópur hafi tekið þátt í slíkum verkefnum á þessum 20 árum innanhúss í Kennaraháskóla Íslands og á Menntavísindasviði. Það eru því líklega um 60–70 manns, auk þess sem átta prentsmiðjur hafa einhvern tíma prentað tímaritið og því hefur verið pakkað úti í bæ.

Ritrýningarferlið nafnlausu fjölgar svo enn þeim sem taka þátt í þessari vinnu. Oft er að vísu rætt um hversu leynileg ritrýni á Íslandi sé í raun og veru, sérstaklega hversu gagnkvæm leyndin er. Ég tel að þótt hún sé það ekki í öllum tilvikum – það er að þeir sem rýna gera sér oft grein fyrir því hver sé líklegur höfundur – þá sé orðið býsna sjaldgæft að höfundar geti sagt með nokkurri vissu hverjir ritrýndu greinina. Þetta er vegna þess að þeim sem stunda menntavísindi hefur fjölgað mjög mikið og því í mörgum tilvikum úr nokkrum fjölda fólks að velja til að rýna. Og þar sem menntavísindin eru þverfræðileg og nýta sér ólíkar rannsóknaraðferðir og hugtakamma, ættaða úr öðrum fræðigreinum, er iðulega hægt að leita til fólks utan fræðasviðsins af því að það hefur mikla þekkingu á efni eða aðferðum.

Ekki eru til tölur um hversu margir hafa ritrýnt greinar í gegnum árin og verulegt verk yrði að telja það út úr gögnum sem reyndar er eytt til að leyna nöfnunum. Hér má þó upplýsa að á fyrri hluta ársins 2012 ritrýndu 22 einstaklingar 26 sinnum,

og skýrist munurinn af því að sami rýnir rýndi bæði upprunalega gerð og nýja eða endurskoðaða gerð. Almenna reglan er sú að leitað er til tveggja rýna í fyrstu umferð. Þess er gætt að a.m.k. annar ritrýnir af tveimur sé með doktorspróf og að ritrýnar hafi ólíka sýn á viðfangsefnið, til dæmis að annar ritrýnirinn hafi hagnýta reynslu af rannsóknarnefnum en hinn reynslu og þekkingu á hugtökum eða aðferðum. Ef þess þarf er leitað til fleiri ritrýna þannig að það er ekki fátítt að höfundur fái rýni frá þremur.

Lengst af voru bara ritrýndar einu sinni þær greinar sem höfundum bauðst að senda inn í endurskoðaðri gerð eða með minni háttar breytingum. Ritnefnd hefur nú tekið upp þann hátt að styrkja rýningarferlið með því að slíkar greinar fari aftur í rýni enda er það gert hjá þeim erlendu tímaritum sem *Uppeldi og menntun* vill bera sig saman við.

Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands var upphaflegur útgefandi tímaritsins. Árið 2005 urðu Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri formlegir samstarfsaðilar að útgáfunni og Kennaraháskóli Íslands eða SRR – Símenntun, Rannsóknir, Ráðgjöf innan KHÍ voru til skiptis skráð sem útgefandi. Með sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskólans árið 2008 varð Menntavísindasvið Háskóla Íslands útgefandi í samvinnu við Háskólann á Akureyri. Með tilkomu fleiri útgefanda fengu nýir aðilar fulltrúa í ritnefnd á sama hátt og lengst af hefur verið reynt að láta ritnefndina spanna fjölbreytni innan menntavísinda, bæði í rannsóknarsviðum og aðferðum.

Tímaritið hefur alla tíð verið gefið út í pappírútgáfu og selt í áskrift og eins og staðan er nú gerir áskriftarsala talsvert meira en að standa undir prentunar- og útsendingarkostnaði. Kostnaður við ritstýringu, frágang handrita, yfirlestur og umbrot yrði sá sami þótt tímaritið væri ekki prentað, og við sem að tímaritinu stöndum vitum ekki hvort hægt yrði að selja áskriftir ef tímaritið hættir að koma út á pappír.

Útgáfa tímaritsins á vef er nýtilkomin. Ákveðið var að birta tímaritið á vefnum Tímarit.is vegna þess að þar var hægt að setja tímaritið samfellt frá upphafi með lægstum kostnaði. Tímaritið kom fyrst þar inn snemma árs 2011 og er nú birt með um árs birtingartöf. Birtingartöf í EBSCO-host er átta mánuðir og má búast við birtingartöfin verði samræmd í þessum tveimur gagnasöfnum.

Frá og með 2011 – 20. árgangi – var bætt við efnisorðum á íslensku og ensku, auk upplýsinga um það hvenær handrit var fyrst sent til skoðunar hjá tímaritinu og hvenær greinin var síðan samþykkt. Enn fremur eru nú ítarlegar upplýsingar um höfunda, bæði á íslensku og ensku.

Lengi var notað heimildaskráningarkerfi kennt við Chicago/Turabian, lagað að íslensku af Indriða Gíslasyni og Baldri Sigurðssyni (1993). Árið 2002 var byrjað að nota hið svokallaða APA-kerfi, kennt við Félag bandarískra sálfræðinga. Hefur það verið notað síðan en þróast eftir því sem nýjungar hafa komið fram. Nú er stuðst við *Gagnfræðakver handa háskólanemum*, sem er íslensk gerð APA-kerfisins, frágengin af Friðriki H. Jónssyni og Sigurði J. Grétarssyni (2007), en einnig hafa nokkur atriði tekið breytingum í meðförum tímaritsins.

Útlit tímaritsins hefur þróast og breyst eins og annað en samt hefur því verið haldið „gamaldags“ með nútímalegum hætti. Með gamaldags á ég við að kápan fær sérstakan lit með hverju hefti. Frá og með 20. árgangi hefur þess líka verið gætt að

hefti hvers árgangs beri svipaðan lit; fyrra heftið ljóst og hið síðara dekkra. Frá og með 14. árgangi, þegar fleiri aðilar komu að útgáfunni, var tekið upp nýtt útlit en frá og með 13. árgangi hafa yfirleitt verið gefin út tvö hefti á ári.

ATHUGASEMD

Þakkir fyrir gagnlegar ábendingar til Amalíu Björnsdóttur, Ragnhildar Bjarnadóttur, Sigurðar Konráðssonar, Þórhildar S. Sigurðardóttur og annarra sem lásu greinina yfir eða hafa aðstoðað við ritun og upplýsingaöflun. Allar missagnir og túlkningar eru engu að síður á mína ábyrgð.

HEIMILDIR

Friðrik H. Jónsson og Sigurður J. Grétarsson. (2007). *Gagnfræðakver handa háskólanemum* (4. útgáfa). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Indriði Gíslason og Baldur Sigurðsson. (1993). *Skráning heimilda og tilvísanir í fræðilegum ritgerðum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

UM HÖFUNDINN

Ingólfur Ásgeir Jóhannesson (ingo@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Kennaradeild Háskólans á Akureyri og jafnframt er hann formaður námsstjórnar um menntun framhaldsskólakennara við Háskóla Íslands. Hann hefur bakkalárpróf í sagnfræði og uppeldisfræði, cand.mag.-próf í sagnfræði og kennara-próf, allt frá Háskóla Íslands, og doktorspróf í menntunarfræðum frá Wisconsin-háskóla í Madison. Rannsóknir Ingólfs hafa einkum snúist um menntaumbætur, kyn og menntun og kennarastarfið. Hann hefur einnig mótað verklag við greiningu á orðræðu.